







## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn Norðurorku	3
Skipurit	3
Frá forstjóra	4
Yfirlit yfir starfsemina	5
Lykilstærðir - Hitaveita	12
Lykilstærðir - Rafveita	15
Lykilstærðir - Vatnsveita	18
Orkunotkun á heimilum	19
Ársreikningur 2014	21

Ábyrgðarmaður: Baldur Dýrfjörð

Útlitshönnun: Geimstofan

Hönnun ársskýrslu og val mynda er tileinkuð 100 ára afmæli vatnsveitu á Akureyri.

Myndir:

Auðunn Níelsson, bls. 2, 3 og 11.

Eðvard Sigurgeirsson, Minjasafnið á Akureyri, bls. 6 og 9.

Jón og Vígfús, Minjasafnið á Akureyri, bls. 2.

Minjasafnið á Akureyri, forsíða og bls. 16, 17, 19 og 35.

Mynd úr safni Sigurðar Svanbergssonar, bls. 16 (starfsfólk Vatnsveitunnar) 16/17, 18 og 20.

Sigurður Harðarson, bls. 13.



## Ávarp stjórnarformanns



Geir Kristinn Aðalsteinsson

Í umræðu um uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni fréttist af dæmum þar sem sveitarfélög og íbúar þeirra missa af atvinnutækifærum sökum þess að innviði vantar eða þeir eru ekki nægilega sterkir. Þetta verður enn glegggra þegar umræddir innviðir eru fyrir hendi annars staðar á landinu til dæmis á Suðvesturhorninu. Þetta er alvarlegt ekki síst þegar umræddir innviðir eru með beinum eða óbeinum hætti á forræði ríkisins, stofnana þess eða fyrirtækja í þess eigu.

Samkeppnishæfni sveitarfélaga getur af þessum orsökum verið mjög mismunandi. Ný atvinnustarfsemi sækir þangað sem atvinnustarfsemi er fyrir. Þekkt dæmi um innviði sem vísað er til í þessu sambandi eru greiðar og öruggar samgöngur og aðgangur að nægri raforku. Um langt skeið hefur verulega skort á aðgang að nægri raforku á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu. Ástæður þess eru margar og óvarlegt að benda þar á eina ástæðu umfram aðra. Engu að síður er mjög mikilvægt að aðalleikarinn á því sviði sýni

fulla ábyrgð á verkefninu og sé tilbúinn að skoða alla möguleika til lausna. Ljóst er að nýjar leiðir í flutningi raforku geta haft í för með sér meiri kostnað en eldri kostir, en í því sambandi þarf einnig að hafa í huga aðra mikilvæga og verðmæta hagsmuni á hverju svæði. Nýjar leikreglur á þessu sviði verða vonandi grunnur að skjótri og skilvirkri lausn.

Afkoma Norðurorku hf. á árinu 2014 er mjög góð og staða félagsins er sterk. Verðskrá félagsins er mjög hagstæð í samanburði við veitufyrirtæki annars staðar á landinu sem leggur grunn að sterkri samkeppnisstöðu sveitarfélagsins og fyrirtækja á svæðinu. Þetta er mikilvægt sem og að áfram verði haldið á þessari braut. Stjórn félagsins og stjórnendur hafa því lagt mikið kapp á að stilla framkvæmda- og fjárfestingaráætlunum upp með þeim hætti að gott jafnvægi sé milli framtíðartekna og gjalda, en að um leið sé uppbyggingin nægilega hröð til þess að tryggja góða og örugga þjónustu til framtíðar.

Á árinu 2014 var minnst 100 ára afmælis Vatnsveitu á Akureyri með útgáfu á bókinni „Náttúrugaði í hundrað ár – saga veitnanna á Akureyri“. Höfundar ritsins eru Gísli Jónsson og Jón Hjaltason en eldra rit Gísla frá árinu 1999 var fellt inn í heildarsögu veitnanna. Í ritnefnd voru Helgi Jóhannesson forstjóri, Baldur Dýrfjörð forstöðumaður og Franz Árnason fyrrverandi forstjóri Norðurorku. Full ástæða er til að þakka þeim öllum fyrir vel unnin störf. Ritið er gagnmerkt yfirlit yfir þá baráttusögu sem uppbygging veitna Akureyrar er, því hún hefur ekki alltaf verið dans á

rósum. Einstaklega ánægjulegt er að sjá hve vel hefur tekist til og gaman að sjá á einum stað sögu þessa mikilsverða þáttar í uppbyggingu okkar öfluga og fallega bæjarfélags. Þá var 100 ára afmælisinn einnig minnst með veglegri afmælisráðstefnu þar sem öllum viðskiptavinum félagsins var boðið í Menningarhúsið Hof.

Flutningur á fráveitunni frá Akureyrarbæ til Norðurorku hefur gengið vel og ljóst að þessi ákvörðun um flutning er gæfuspor. Þegar hefur sýnt sig að samlegðin skilar sér og ber að þakka starfsfólki Norðurorku sérstaklega fyrir að taka vel á móti þessu nýja verkefni og vel unnin störf í því sambandi enda að mörgu að hyggja.


Ánægjulegt er að allt bendir til þess að ný virkjun í Glerá verði að veruleika enda gangi áætlanir um verð á búnaði til virkjunarinnar eftir nú þegar öll leyfi og skipulag liggur fyrir.

Í aðdraganda að aðalfundi og ársfundi sl. árs var haldinn eigendafundur þann 10. mars 2014 en þar var fulltrúum hluthafa kynntur rekstur liðins árs, ársreikningur félagsins og framtíðarrekstur. Mikil ánægja var með þetta hjá fulltrúum eigenda og er ráðgert að þetta verði árviss viðburður.

Að endingu vil ég þakka starfsfólki Norðurorku og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu, sem og hluthöfum og síðast en ekki síst viðskiptavinum félagsins.



## Skipurit



## Stjórn Norðurorku hf. 2014



Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður  
 Ingibjörg Ólöf Isaksen, varaformaður  
 Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi  
 Njáll Traustí Friðbertsson, ritari  
 Edward Hákon Huijbens, meðstjórnandi

### Varastjórn:

Eva Hrund Einarsdóttir  
 Jóhann Jónsson  
 Margrét Kristín Helgadóttir  
 Matthías Rögnvaldsson  
 Óskar Ingi Sigurðsson



## Frá forstjóra



Helgi Jóhannesson

Rekstur Norðurorkusamstæðunnar gekk vel á árinu 2014 og var afkoman vel umfram áætlanir. Gert var ráð fyrir að hagnaður samstæðunnar drægist saman samfara raunlækkun verðskrár sem er ein sú lægsta á landinu. Fjármagnsliðir voru félaginu hins vegar óvenju hagstæðir þetta árið. Þegar horft er til framtíðarrekstrar og fjárfestingarþarfa er það þó mat okkar til næstu ára að verðskráin verði í meginatriðum að hækka í takt við verðlag.

Verkefni Norðurorku hafa aukist mikið undanfarin ár samfara stækkun veitusvæða og nýjum verkefnum. Sé litið til 15 ára sögu félagsins hafa bæst við hitaveitur í Ólafsfirði, Hrísey, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, á Svalbarðsströnd, Grenivík og í Fnjóskadal. Samfara stækkun hitaveitunnar hafa sömuleiðis bæst við eldri vinnslusvæði veitna sem sameinast hafa Norðurorku sem og ný svæði svo sem á Reykjum í Fnjóskadal og á Arnarnesi. Þá hafa bæst við vatnsveitur í Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd auk stækkunar allra veitna í nýjum hverfum á Akureyri.

Í byrjun árs 2014 tók Norðurorka við rekstri fráveitu á Akureyri sem varð með því hluti af veiturekstri félagsins. Í ágústlok hófst metansala í nýrri afgreiðslustöð á gatnamótum Súluvegar og Miðhúsabrautar. Metangasið er unnið úr hauggasi frá gamla urðunarstaðnum á Glerárdal. Hreinsistöð fyrir gasið var reist á mótum Súluvegar og Breiðholtsvegar. Þá hafa á þessum árum bæst við ný verkefni í rekstri virkjana dótturfélagsins Fallorku en félagið rekur tvær virkjanir

í Djúpadal auk þess sem unnið er að undirbúningi nýrrar virkjunar í Glerá við Akureyri. Stefna Norðurorku er sú að byggja upp nauðsynlegan mannaúð og sérfræðipækkingu í fyrirtækinu en jafnframt að nýta þá forða og þekkingu sem fyrir hendi eru hjá fyrirtækjum á starfssvæðinu. Við teljum að mikilvægt sé fyrir báða aðila að halda góðu jafnvægi hér á milli. Lengi vel héldum við starfsmannafjölda lítt breyttum þrátt fyrir mjög aukin umsvif og verkefni en sögðum um leið að slíkt gengi auðvitað ekki til lengdar því í þeim efnum verður komið að þolmörkum. Því tókum við ákvörðun um að fjölga nokkuð í starfsmannahaldi okkar, ekki síst sérfræðingum á tæknisviði fyrirtækisins auk þess sem störf eru tilkomin vegna nýrra verkefna eins og í fráveitu og metanvinnslu.

Okkur er ljóst að miklar kröfur eru gerðar til rekstursins. Skiptir þá ekki máli hvort horft er til gæða, verðs eða rekstraröryggis. Þá eru ýmsar kröfur svonefnds „eftirlitsiðnaðar“ oft á tíðum íþyngjandi gagnvart veitunum. Virðist þar oft á tíðum litlu skipta þó að Norðurorka sé félag í eigu sveitarfélaga og hlutverk þess sé að sinna veiturekstri í þágu eigenda sinna og viðskiptavina.

Undanfarið höfum við verið minnt á að vatnsvernd er ekki sjálfsagt mál. Garðsvíkurból urðu fyrir spjöllum frá náttúrunnar hendi og í upphafi nýs árs varð mengunaróhapp norðan Hesjuvallalinda, en þó utan vatnsverndarsvæðisins. Vatnsvernd er okkur öllum gríðarlega mikilvægt hagsmunamál og í raun dauðans alvara í rekstri vatnsveitna okkar. Komist kemísk efni í vatnsból geta þau orðið óstarfhæf í fjölda ára. Í gangi er markviss endurskoðunarvinna við neyðaráætlun vatnsveitna Norðurorku. Ekki er síður mikilvægt að treysta vatnsverndina og virðingu fyrir henni og þar með virðingu allra íbúa og gesta á svæðinu fyrir mikilvægi vatnsverndarsvæða og rétttri umgengni við þau. Á árinu var gert samkomulag við Hörgársveit um uppsetningu á fjárgirðingu í Hlíðarfjalli upp frá Ásláksstöðum og að klettadrögum til þess að hefta straum sauðfjár úr Hörgársveit suðvestur Hlíðarfjall.

Á árinu var gerð þjónustukönnun

meðal viðskiptavina Norðurorku en slík könnun hefur verið gerð annað hvert ár. Almennt má segja að könnunin hafi verið fyrirtækinu og starfsfólkinu hagfelld. Sérstæða Norðurorku er sú að viðskiptavinir okkar njóta þjónustu okkar hverja mínútu, hverja klukkustund alla sólarhringa ársins. Fjöldmörg rafmagnstæki eru stöðugt í gangi. Heita vatnið nýtt til húshitunar auk notkunar til þvotta, baða o.s.frv. líkt og er með kalda vatnið sem þó hefur þá miklu sérstöðu að flokkast undir matvæli þar sem það er jafnframt nýtt til neyslu. Þrátt fyrir þessa miklu og lífsnauðsynlegu þjónustu má segja að ótrúlega margir af þessum hópi sem ekki er í beinum tengslum við starfsfólk Norðurorku falli í hópinn „hvorki né“ þegar þeir eru spurðir hvort afstæða þeirra til fyrirtækisins sé góð eða slæm. Aftur á móti er ánægjulegt að þeir sem eru í beinum samskiptum við starfsfólkið eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með þjónustuna eða samtals 85% þeirra sem tóku afstöðu. Einnig er athyglisvert að viðskiptavinir einkum þeir yngri eru í nokkrum vafa með að staðsetja fyrir hvaða þjónustu við stöndum. Ljóst er að hér eru tækifæri fyrir okkur að vinna betur með ímynd okkar þótt almennt sé það svo að félagið keyri meðvitað lágan prófíl. Viðbrögð Norðurorku eru að staðsetja fyrirtækið skýrar í framtíðinni sem veitufyrirtæki sem þjónustar viðskiptavinum sína allan sólarhringinn allt árið jafnframt því að leggja áherslu á mikið rekstraröryggi.

Fjármálastjóri Norðurorku til fjölda ára, Sigurður J. Sigurðsson lét af störfum fyrir aldurs sakir síðari hluta ársins. Ég vil nota tækifærið og þakka Sigurði samstarfið og góð störf í þágu fyrirtækisins. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum núverandi og fyrrverandi fyrir gott samstarf liðin ár. Einnig vil ég þakka starfsfólki öllu gott og farsælt samstarf á árinu 2014.

## Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2014

### Stjórnsýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 21. mars 2014. Hluthafar eru Akureyrarbær sem á 98,26%, Hörgársvæit 0,8%, Eyjafjarðarsvæit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbarðsstrandarhreppur 0,46% og Þingeyjar-svæit 0,18%. Á aðalfundinum var stjórn fyrirtækisins kjörin óbreytt. Á hluthafafundi þann 20. október var kosin ný stjórn Norðurorku sem skipti í framhaldinu með sér verkum. Stjórnarformaður er Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Ingibjörg Ólöf Isaksen, ritari Njáll Trausti Friðbertsson og meðstjórnendur Edward H. Huijbens og Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir. Í varastjórn eru Eva Hrund Einarsdóttir, Jóhann Jónsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Margrét Kristín Helgadóttir og Matthías Rögnvaldsson.

Stjórnin hefur komið saman til fundar tólf sinnum frá síðasta aðalfundi. Á árinu var endurskoðunarvinna fyrir félagið boðin út. Í samræmi við þetta var á aðalfundi félagsins kosinn nýr endurskoðandi félagsins sem er Enor endurskoðun.

### Mannauðsmál

Segja má að tvö megineinkenni séu á fyrirtækjum í orkugeiranum. Hann er mjög kynbundinn og hitt er að meðalstarfsaldur er mjög hár. Mjög hægt hefur gengið að jafna kynjaskiptinguna og að því marki sem bæði kynin starfa hjá fyrirtækjunum eru störfin sömuleiðis mjög kynbundin. Norðurorka er hérengin undantekning, karlar eru mikill meirihluti starfsfólks og þeir eru að stærstum hluta í iðnaðar- og tæknistörfum meðan konurnar eru nánast eingöngu í skrifstofustörfum. Verkefnið snýst reyndar ekki aðeins um að auka hlut kvenna í iðnaðar- og tæknistörfum heldur einnig að bæta ímynd þessara starfa almennt. Innan Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins hefur verið mikil umræða um með hvaða hætti hægt sé að styrkja ímynd iðn- og tæknigreina. Greiningar benda til að meðal þess sem vinna þarf með sé ímynd þessara starfa hjá foreldrum og unglungum og þar með hvernig talað er um eða eftir atvikum hvernig ekki er

talað um mismunandi námsleiðir og þau tækifæri sem standa til boða. Við þurfum með öðrum orðum öll að líta í eigin barm. Af hálfu Norðurorku er vilji til þess að efla enn frekar samstarf við Verkmenntaskólann á Akureyri í þessu skyni. Í árslok störfuðu alls 63 starfsmenn hjá félaginu í 62 stöðugildum, 45 karlar og 17 konur. Alls létu sjö starfsmenn af störfum á árinu þar af þrír fyrir aldurs sakir. Níu starfsmenn voru ráðnir til starfa. Ráðinn var verkefnastjóri fráveitu, tveir verkamenn, tveir vélfræðingar, umsjónarmaður fasteigna, starfsmaður á lager, fjármálastjóri og tímabundið var ráðinn starfsmaður í ýmis verkefni tengd skjalavörslu.

Kjarasamningar voru lausir í upphafi árs en kjaraviðræðum lyktaði með því að samið var til eins árs við öll stéttarfélag. Samtök atvinnulífsins fara með kjarasamningsumboð fyrir Norðurorku og situr fulltrúi þeirra og fulltrúi Norðurorku í samninganefnd.

Á árinu voru haldnir sex starfsmannafundir. Fundirnir eru allt í senn til kynningar og upplýsingar um ýmsa þætti í rekstrinum, langtímaáætlanir, stefnumótun, til fræðslu ýmiss konar og síðast en ekki síst gefst starfsfólki þar tækifæri til að koma með fyrirspurnir og vekja umræðu um þau mál sem því liggur á hjarta. Námskeið og fræðsla ýmiss konar var fjölbreytt og einkenndist að hluta til af því að fráveita Akureyrar fluttist yfir til Norðurorku í upphafi ársins. Sú fræðsla var meðal annars unnin í samvinnu við verkfræðistofuna EFLU og snéri m.a. að ýmsum kröfum um aðskilnað milli fráveitu og vatnsveitu og öryggismálum í fráveitu svo fátt eitt sé talið. Trúnaðarmenn stéttarféлага sóttu námskeið á vegum sinna stéttarféлага. Starfsmenn úr þjónustuveri sóttu skrifstofunámskeið SAMORKU. Þjónustunámskeið var haldið fyrir starfsmenn á vegum Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY). Haldið var raforkuöryggisnámskeið (kunnáttumannanámskeið) í samstarfi við Rafeyri, Tengi og fleiri aðila og sérfræðingur Vinnueftirlitsins hélt fyrirlestur um sálfélagslega þætti á vinnustöðum.

Loks má nefna að haldið var áfram með verkefni tengt vinnustaðgreiningu m.a. með viðtölum við starfsfólk og vinnustofum í framhaldi af því. Ein af þeim skemmtilegu hugmyndum sem komu fram í þessari vinnu var að halda kynningardag starfsmanna en þar gafst starfsfólki tækifæri til að fara á milli vinnustöðva og fræðast um verkefni hvers annars. Gafst þetta vel enda eykur fræðsla vitund og virðingu fyrir ólíkum verkefnum og störfum.

Starf að öryggismálum var öflugt á árinu og mjög ánægjulegt að sjá hversu vel allt starfsfólk er samtaka í að tryggja góða virkni og hjálpast að við að treysta mikilvægi málaflokksins. Mikil áhersla er lögð á skráningu slysa og ekki síður þess sem nefnt er „næstum slys“. Mikilvægt er að unnið sé með niðurstöður slíkra skráninga til að fara í nauðsynlegar úrbætur og efla forvarnir. Þá var á árinu unnið að endurbótum á rýmingaráætlun og þar meðal annars tekið upp mjög gott samstarf við eldvarnarfulltrúa Slökkviliðs Akureyrar sem m.a. hélt fundi með öryggisvörðum og fræðsluerindi fyrir starfsfólk.

### Gæðamál

Rekstur gæðakerfis félagsins var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu með þeirri veigamiklu undantekningu að við yfirtöku á fráveitu Akureyrar þurfti að fara í mjög mikla vinnu við að koma rekstri hennar undir gæðastýringu. Norðurorka hefur undanfarin ár starfað samkvæmt gæðakerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001 og nær kerfið til allrar starfsemi Norðurorku. Hluti af gæðakerfinu er svonefnt GÁMES kerfi vatnsveitunnar enda er hún eitt af stærstu matvælafyrirtækjunum á svæðinu þar sem neysluvatnsframleiðsla fyrirtækisins er skilgreind sem matvælaframleiðsla. Þá starfar rafveituhluti fyrirtækisins eftir vottuðu öryggisstjórnunarkerfi sem er hluti gæðakerfisins og jafnframt lögbundið kerfi sem allar rafveitur verða að starfa eftir til að fá og viðhalda starfsleyfi. Þá varð Norðurorka fyrst orkufyrirtækja á landinu til að fá viðurkenningu Neytendastofu á innra eftir



litskerfi með sölumælum á öllum veituvíðum fyrirtækisins.

Í upphafi árs 2014 tók Norðurorka við rekstri fráveitunnar frá Akureyrarbæ. Mikil vinna hefur farið í að koma starfsemi fráveitunnar inn í gæðakerfið, skjalfesta verkferla og fara í nauðsynlegar framkvæmdir til að hægt væri að tryggja fullan aðskilnað milli fráveitu og vatnsveitu. Hefur sú vinna gengið mjög vel og erum við þakklát fyrir að hafa fengið góða aðstoð og leiðbeiningar frá starfsfólki Orkuveitu Reykjavíkur sem gekk í gegnum svipaðar breytingar fyrir nokkrum árum.

Á árinu 2014 fóru fram viðhaldsúttektir á gæðakerfinu í samræmi við samninga okkar þar að lútandi við Vottun hf. og Rafskoðun ehf. en slíkar úttektir eru þáttur í því að halda við ISO 9001 gæðavottun félagsins. Úttektirnar komu

vel út og voru frávik og athugasemdir í lágmarki.

Árlegur rýnifundur var haldinn í apríl þar sem gæðaráð og stjórnendur rýndu gæðakerfið, stefnu og markmið, ekki síst með tilliti til fráveitunnar.

Áfram var unnið að skjalamálum í fyrirtækinu og hefur nú öllum gögnum er litið hafa dagsins ljós í yfirferð yfir skjalageymslur og skrifstofur og tilheyra gömlu veitufyrirtækjunum verið skilað á Héraðsskjalasafnið að undangenginni ýtarlegri skráningu. Á árinu var áfram unnið að því að byggja upp skjala/málalykil fyrirtækisins og áfram unnið að skoðun á mögulegu skjalakerfi fyrir fyrirtækið.

### Verðskrár

Fjárhagsáætlun ársins 2014 gerði ráð fyrir að verðskrá hækkaði til þess að mæta hluta vísitöluhækkunar frá desember 2012 til desember 2013. Mikilvægt er að hafa í huga að Norðurorka hefur ekki hækkað verðskrá sína vegna væntrar verðbólgu heldur byggt á hækkun vísitölu næstu 12 mánuðina á undan. Einnig þarf að hafa í huga að þrátt fyrir þetta almenna viðmið er langur vegur frá því að hækkun verðskrár hafi alltaf verið látin fylgja því. Mörg undanfarin ár hafa breytingar á verðskrá nær eingöngu orðið við áramót og svo var einnig um áramótin 2013 og 2014. Er það mikil breyting frá því á upphafsárunum þegar verðbreytingar voru iðulega í hverjum mánuði. Þrátt fyrir forsendur fjárhagsáætlunar um hækkun verðskrár varð niðurstaðan sú að einungis notkunargjöld vatnsveitu voru hækkuð um 4% sem var nokkurn veginn í samræmi við breytingar á vísitölu næstu tólf mánuði á undan. Verðskrá rafveitu og hitaveitu var hins vegar óbreytt þar sem stjórn fyrirtækisins tók ákvörðun um að hætta við hækkunina og taka með því þátt í átaki aðila vinnumarkaðarins sem ætlað var að koma í veg fyrir víxlverkun verðhækkana.

Þrátt fyrir þessa markvissu þátttöku í átaki aðila vinnumarkaðarins fór svo að Norðurorka hf. var tilkynnt á svonefndan svartan lista hjá Alþýðusambandi Íslands. Svarti listinn gekk út á að beita fyrirtæki



Í febrúar 1938 var samþykkt að ráðast í endurbætur á lögninni úr Hesjuvallalindum. Í samþykktinni var áréttað að hraða pöntun á efni svo hægt yrði að flytja það á sledum á snjó að lagnastæðinu. Myndin sýnir mjólkurflutninga á sledum við Ráðhústorgið á Akureyri líklega veturinn 1949-1950. Fyrsta hæð Landsbankahússins er uppstept.



og stofnanir aðhaldi svo haldið yrði aftur af verðhækkunum. Við Norðurorkufólk vorum mjög óhress með að lenda á listanum. Inn á heimasíðu ASÍ „láttu vita“ settum við því eftirfarandi athugasemd:

„Rétt er það að vatnsgjald Norðurorku hf. hækkar um 4% og höfum við útskýrt forsendur þess í verðskrárauglýsingum okkar. Hins er að gæta að verðskrá hitaveitu og rafveitu er ekki að hækka. Hækkunin sem hefðbundið heimili á Akureyri stendur frammi fyrir þegar horft er á heildarmyndina, heimili sem kaupir heitt vatn, raforkudreifingu og neysluvatn af Norðurorku, er 0,7%. Hækkun í fjölbýli kr. 725 á ári, á raðhús kr. 890 á ári og einbýli kr. 1.100 á ári.“

Þá bentum við einnig á að vatnsveitan á Akureyri kemur mjög vel út í samanburði við sambærilegar vatnsveitur. Þannig er vatnsgjald á Akureyri um 45% lægra en hjá stóru systur í höfuðborginni. Horfum á heildarmyndina og þróunina hingað til – það skiptir öllu máli.

## Fjárhagur

Ársreikningur Norðurorku er samstæðu-reikningur þar sem áhrif dótturfélagsins koma fram og niðurstöður reikninga hlutdeildarfélaganna hafa sömuleiðis áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings.

Tekjur ársins 2014 hjá móðurfélaginu eru 15,6% hærri en árið á undan sem skýrist fyrst og fremst af því að um fyrsta rekstrarár fráveitunnar er að ræða. Aðrir tekjulíðir eru sambærilegir árinu á undan og í samræmi við áætlanir. Rekstrargjöld jukust að sama skapi um 19,4%.

Afkoma Norðurorku hefur verið stöðug og góð undanfarin ár. Fjárhagsstaða félagsins er einnig mjög sterk með 58,1% eiginfjárlutfall.

Fjárfest var á árinu fyrir 442 milljónir króna í varanlegum rekstrarfjármunum samanborið við 604 milljónir króna árið áður. Áætlun gerði ráð fyrir fjárfestingum upp á 605 milljónir króna en hluta verkefna var frestað. Fjárfestingaráætlun félagsins til næstu ára er metnaðarfull og mörg stór verkefni framundan, sérstaklega í hitaveitu og fráveitu.

Þrátt fyrir skuldaaukningu vegna yfirtöku fráveitunnar upp á 2,3 milljarða eru fjár-

magnslíðir einungis 37 milljónum króna hærri en árið á undan hjá móðurfélaginu sem skýrist af því að gengisáhrif hafa verið félaginu mjög hagfelld þetta árið. Eignir í dollurum á móti skuldum í evrum hafa gert það að verkum að tekjufærður er gengismunur upp á 100 milljónir króna auk þess sem verðbólga ársins hefur verið sérstaklega lág. Verðtryggðar skuldir félagsins eru 3.568 milljónir króna og munar því verulega um hvert prósent í verðbólgu.

Árleg greiðslubyrði lána næstu ára er nokkuð í samræmi við greiðslugetu félagsins en stór hluti skulda kemur þó til uppgreiðslu í lok árs 2018 og kallar á endurfjármögnun.

## Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélag

Norðurorka er aðili að **SAMORKU**, samtökum orku- og veitufyrirtækja, og í gegnum þau með aðild að Samtökum atvinnulífsins.

**Fallorka ehf.**, er dótturfélag Norðurorku og hefur með höndum framleiðslu og sölu á raforku til viðskiptavina um land allt. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 17,2 GWst. Sala á forgangorku nam 139 GWst. Tekjur Fallorku námu 640 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 153 milljónir króna. Hagnaður ársins var 105,5 milljónir króna og veltufé frá rekstri 138 milljónir króna. Undirbúningur nýrrar virkjunar Fallorku í Glerá á Glerárdal hélt áfram á árinu og ráðgert að hún verði gangsett í árslok 2016.

**Tengir hf.** og **NORAK ehf.** eru hlutdeildarfélag Norðurorku hf. Frá stofnun **Tengis ehf.** hefur markvisst verið unnið að ljósleiðaravæðingu Akureyrar og hin síðari ár einnig í nágrennasveitarfélagunum. Stór hluti af verkefnum ársins 2014 var að leggja ljósleiðara í sveitarfélög á Norðurlandi. Samstarf við sveitarfélögin er ýmist fólgið í að Tengir á og leggur ljósleiðara í sveitarfélaginu eða að ljósleiðarinn er lagður í verk-töku fyrir sveitarfélögin en Tengir sér um rekstur þeirra. Lagður var ljósleiðari í Tjörneshrepp, Hörgárbyggð, Skútu-staðahrepp og að Þeistareykjum fyrir Landsvirkjun. Heldur minna var lagt af

ljósleiðara á Akureyri en árin á undan. Segja má að aðallega séu það elstu hverfin sem eru eftir enda víða erfiðara um vik að finna hentugar lagnaleiðir. Vöxtur Tengis ehf. hefur verið hraður og mikil eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Hagnaður varð af rekstri fyrirtækisins þrátt fyrir mikla og hraða uppbyggingu og því áfram hjart framundan.

**NORAK ehf.** rekur spennistöð við álþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi og sér um að spenna niður raforku frá Landsvirkjun sem flutt er frá Rangárvöllum með jarðstreng Landsnets. Félagið er í jafnri eigu Norðurorku hf., Rafeyrar ehf. og Orkuvirkis ehf. Þrátt fyrir bilanir í rafbúnaði og kostnað vegna endurbóta á honum hefur tekist að greiða hraðar niður framkvæmdalán félagsins en áætlanir gerðu ráð fyrir. Á árinu 2014 var áfram unnið að endurbótum og breytingum á rafbúnaði spennivirkisins í takt við ráðleggingar frá framleiðanda hans. Hefur verkefnið verið unnið í náinni samvinnu við Becromal enda voru hönnunarforsendur á sínum tíma ákveðnar af félaginu út frá þörfum þess. Von okkar er að á vormánuðum 2015 verði þessum endurbótum lokið og þar með séð fyrir endann á þeim truflunum sem upp hafa komið, en jafnframt hafa aðilar sammælt um að koma upp föstum mælubúnaði þannig að tryggja megi reglun báðum megin frá.

**Hrafnabjargavirkjun ehf.** er að 48,75% hlut í eigu Norðurorku, 48,75% hlut í eigu Orkuveitu Húsavíkur og 2,5% eru í eigu Atvinnuefingar Þingeyjar-sýslu. Hlutfé í fyrirtækinu var aukið í lok desember um 15 milljónir króna í tengslum við rannsóknir sem félagið vinnur að með Landsvirkjun á efra vatnsvæði Skjálfandafjólts. Landsvirkjun stýrir verkefninu og sér um samskipti við sérfræðinga og opinbera aðila. Langt er síðan fyrst voru skoðaðir mögulegir virkjunarkostir á svæðinu en þeim hefur með núverandi rannsóknnum fjölgað og þeir tekið verulegum breytingum. Fyrst og fremst er um að ræða að inn í myndina eru komnir virkjunarkostir sem eru umfangsminni og um leið umhverfis

vænni. Fjórir mögulegir virkjunarkostir hafa nú verið sendir inn í rammaáætlun 3. Norðurorka er hluthafi í félaginu **Íslensk orka hf.** en það heldur utan um jarðhitaréttindi sem félagið samdi um við landeigendur í Öxarfirði. Ein rannsóknarhola sem jafnframt er möguleg vinnsluhola hefur verið boruð á svæðinu en hún leiddi í ljós að svæðið er mitt á milli þess að vera háhitasvæði og heitt lághitasvæði. Væntingar stóðu hins vegar til þess að þarna væri háhitasvæði. Mat stjórnar Íslenskrar orku er að enn sé mögulegt að markaðssetja heitt vatn úr holunni til iðnaðarframleiðslu komi fram áhugasamir aðilar um nýtingu og rekstur. Í ljósi þess að enn hefur ekki komið til nýtingar á borunum og rannsóknum félagsins var ákveðið á aðalfundi þess 2015 að gjaldfæra allar eignir þess sem varúðarráðstöfun. Gjaldfærslan var um 182 mkr. og koma því um 30% þeirrar færslu sem tap í reikningum Norðurorku hf.

Norðurorka á einnig um 7,7% hlut í **Netorku ehf.** sem er reiknistofa orku-fyrirtækjanna og annast meðferð gagna vegna sölumála raforku.

**Orkey ehf.** rekur litla lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri en þar á Norðurorka hf. 10,8% hlut. Í Orkey er unninn lífdísill úr innlendu hráefni, svo sem notaðri steikingarfeiti, fituafskurði og aukaafurðum frá lýsisframleiðslu. Félagið á erfitt uppdráttar fyrir margra hluta sakir og er um margt á undan sinni samtíð, framtíð þess ræðst væntanlega á næstu misserum.

Þá á Norðurorka hlut í **GPO ehf.** en það fyrirtæki hyggst vinna olíu úr plastúr-gangi. Áætlanir eigenda eru að fyrirtækið hefji starfsemi á árinu 2015.

### Rannsóknir

Rannsóknir á vatnsauðlindum í Eyjafirði eru veigamikill þáttur í starfsemi félagsins en þær eru unnar í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR. Mjög mikilvægt er að rannsóknar- og forvinna sé stöðugt í gangi bæði til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með núverandi vinnslusvæði en einnig til að tryggja fyrirtækinu og íbúum á þjónustusvæðinu heitt og kalt vatn til langrar framtíðar.

Í hitaveitunni hefur áfram verið unnið að rannsóknum á svæðinu í kringum Laugaland og Hrafnagil í von um að þar sé að finna meira heitt vatn enda mikilvægt að innviðir fyrirtækisins á svæðinu og stofnlagnir séu nýtt til fulls en allnokkuð skortir á það í dag. Erfitt hefur hins vegar reynst að samtúlka ný rannsóknargögn og gögn liðinna ára og því ákveðin biðstaða komin upp. Ákveðið hefur verið að bora í sumar hitastigulsholur á svæðinu kringum Botn og Hrafnagil til að styrkja frekar hittni við borun á vinnsluholu þar. Ennfremur hafa fyrri rannsóknir á svæðinu við Sigtún verið teknar upp með það í huga að bora þar á ný vinnsluholu, en árið 2000 var boruð þar hola sem hrundi saman í erfiðum jarðlögum.

Þá eru í gangi samningaviðræður við jarðeigendur Ytri-Víkur, Víkurbakka, Sólbakka og Syðri-Haga á Árskógsströnd um kaup Norðurorku á eldri rannsóknum, hitaveitu og jarðhitaréttindum. Er von okkar að samningar náist á vormánuðum 2015. Í framhaldinu verður svæðið rannsakað frekar en að mati ÍSOR er svæðið lofandi til framtíðarnýtingar þó að hún geti verið vandasöm vegna nálægðar við sjó. Áherslan mun áfram verða á Fram-Eyjafjörðinn en náist ekki árangur þar flytjast áherslurnar út með firði. Þá hefur ÍSOR staðsett nýja hitaveituholu á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði sem áætlað er að bora nú í sumar. Sú hola er eingöngu til endurnýjunar á eldri holu og búist við sambærilegu vatnsmagni áfram.

Rannsóknir í Vaðlaheiði eru enn sem komið er eingöngu í formi hugmynda og rannsóknarmöguleika. Ekki eru fordæmi fyrir mælingum með núverandi tækni ofan á fjalli en mikilvægt er að reyna að draga fram upplýsingar um hvort búast megi við herra vatnshitastigi í heiðinni en hingað til hefur komið fram. Eru ákveðnar líkur á að ÍSOR muni nýta eldri rannsóknarbúnað til að draga fram samanburð við núverandi rannsóknartækni. Þrátt fyrir að erfitt sé að hrinda í framkvæmd rannsóknaráætlun um Vaðlaheiði er verkefnið spennandi og möguleg nýting gæti gefið samfélaginu nýja valkosti.

Í vatnsveitunni hafa rannsóknir einkum

beinst að fjallalindum og þá helst Grísarárbotnum ofan Kristness. Margt bendir til þess að Grísarárbotnar, sem eru nú í magnmælingum, annað árið í röð, geti orðið okkur gjöful viðbót til framtíðar. Sýni það sig að um gjöfular og tryggjar lindir sé að ræða er næsta skref könnun á tæknilegum útfærslum og kostnaði við mögulega nýtingu.

### Metanframleiðsla

Metanframleiðsla á vegum Norðurorku hófst í ágústlok. Metansala hefur til þessa verið nokkuð samkvæmt áætlunum en þar er gert ráð fyrir 60.000 Nm<sup>3</sup> sölu fyrsta heila árið frá opnum og 600.000 Nm<sup>3</sup> á ári að sex árum liðnum. Það er margt sem bendir til að vöxturinn verði hægari á næstu misserum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kemur þar aðallega til mikil lækkun á jarðefnaeldsneyti sem og frekar neikvæð umræða um metanbíla. Olíufélag Íslands, Olís, annast samkvæmt samningi smásölu á metaninu. Í umræddum samningi skuldbindur Olís sig til greiðslu á ákveðnu magni óháð raunsölu. Það eru því gríðarmiklir hagsmunir í húfi fyrir báða aðila að salan aukist, ekki síst fyrir umhverfið sem ekki má standa uppi sem „taparinn“. Framkvæmdakostnaður verkefnisins varð nokkru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, ekki síst í ljósi erfiðleika við framkvæmdina. Kostnaðaráætlun var 325 milljónir króna en heildarkostnaður varð um 362 milljónir króna þegar frá var dreginn styrkur Rannís sem veittur var í formi skattaávilnunar upp á 26 milljónir króna. Samfara metanverkefninu var sett upp ný dreifistöð rafveitu við Súluveg og lagður jarðstrengur að borholum á Glerárdal.

### Vatnsveitan

Áætlað var að á árinu 2014 yrði byggður nýr 2.000 rúmmetra vatnsgeymir í Torfdal ofan svæðis Bílklúbbs Akureyrar sem og að endurnýja vatnslagnir ofan úr Hesjuvallalindum. Með nýjum vatnsgeymi bætist við nýtt þrýstisvæði í vatnsveituna, hægt er að safna meira vatni um nætur til miðlunar að deginum auk þess sem tækifæri skapast til að draga úr lofti í neysluvatninu sem verið hefur til ama. Þá





Kaupvangstorgið veturinn 1940 - 1941. Spítalaskipið Leinster liggur við Torfunesbryggju.

er hægt að auka mælingar og mögulega mun fallhæð neysluvatnsins verða virkjud til rafmagnsframleiðslu, en gert er ráð fyrir því í hönnuninni. Á árinu 2013 vann verkfræðistofa kostnaðaráætlun fyrir verkið en við fullhönnun kom í ljós að verkið var verulega vanáætlað og því miklu kostnaðarsamara en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í ljósi þess var verkefninu frestað til ársins 2018. Ekki er þó loka skotið fyrir að fyrr verði farið í verkefnið enda er það áfram mikilvægt fyrir veitursturinn.

Unnið var við endurnýjun gamalla heimtauga og nýtinga í nýjum hverfum ásamt ýmsum endurbótum og bilunum sem upp komu í kerfinu. Einnig var unnið við lagfæringar vatnslagna í Eyjabyggð í Hrísey þar sem fjarlægður var brunnur með lokum fyrir nokkur sumarhús sem og að lagnir voru staðsettar og teiknaðar í gagnagrunna. Í janúar 2014 var lokið við að leggja og tengja nýja 760 metra stofnlögn frá Hálöndum að svokölluðum miðgeymi í Hlíðarfjalli. Unnið var við nýlagnir í Jadarstúni og Hrafnalandi í Hálöndum. Í byrjun nóvember var hafist handa við að leggja nýja stofnlögn frá Sunnuhlíðargeymi á Svalbarðsströnd og að tengingu niður á Svalbarðseyri. Þá var ný borhola í Garðsvíkurlindum sem gefur um 9 l/sek. tengd við dreifikerfið. Stór bilun og mikið jarðrask varð við Drekgil á árinu þegar kaldavatnslögn rofnaði skyndilega.

### Hitaveitan

Mörg stór verkefni voru í hitaveitunni á árinu. Í dreifbylinu var lögð hitaveita að Höfðabæjunum í Höfðahverfi. Árið 2014 var stórt í brunnavinnu. Fjarlægðir voru átta stórir hitaveitubrunnar í stofnkerfinu, fjórir við Hlíðarbraut, tveir í Álfabyggð, einn við Súluveg og einn í Bugðusíðu. Einnig voru fjórir smærri brunnar fjarlægðir. Um 500 tengibrunnar voru í upphaflegu dreifikerfi hitaveitunnar. Langtímaáætlun gerir ráð fyrir að þessir brunnar verði smátt og smátt fjarlægðir enda hafa þeir reynst veikur hlekkur í kerfinu og eru barn síns tíma í tæknilegri útfærslu við tengingar og lokunarmöguleika. Áætlað er að fjarlægja

6 til 10 brunna á árinu 2015. Brunnavinnunni fylgja miklar lokanir en ein sú viðtækasta var á Suður-Brekkunni sem meðal annars skýrist af uppbyggingu kerfisins þar. Í byrjun árs kom gat á eina af stofnæðum veitunnar sem leiddi til umfangsmikillar lokunar m.a. í Giljahverfi á meðan á viðgerð stóð. Áfram höldum við því á lofti að hitaveitukerfið er að eldast og kallar á aukna athygli hvað varðar möguleika og tækifæri til endurnýjunar. Endurnýjað var allt veitukerfið að bæjum á Laugalandstorfundi í Eyjafjarðarsveit en eldri lagnir voru bilanagjarnar vegna lélegs frágangs. Lögð var varanleg hituveitulögn að Hálöndum ofan Akureyrar en þar eru nú um 15 notendur og stór áform um aukningu.

Unnið var við endurnýjun gamalla heimtauga og nýtinga í nýjum hverfum ásamt ýmsum endurbótum og viðgerðum á bilunum sem upp komu í kerfinu. Unnið var við lagnir í nýjar götur, Jadarstún og Hrafnaland í Hálöndum í haust. Lauslega talið voru tengdir um 10 vinnuskúrar og 18 nýlagnir í hús. Á lögninni frá Laugalandi og að borholu á Tjörnum var gert við þrjár bilanir í haust sem eins og áður segir eru til komnar vegna ófullnægjandi frágangs í upphafi. Unnið var við fullnaðartengingu og stjórnkerfi vara-rafstöðva fyrir vinnslusvæði á Hjalteyri og Eyjafirði (Botn, Laugaland, Tjarnir). Þá var hönnuð ný hitaveita í hesthúshverfið Breiðholt. Skipt var um djúpdælu í HJ-20 á Arnarnesi, sem hluta af viðhaldsáætlun. Einnig þurfti að taka upp dælu á Tjörnum í holu TN-4 vegna bilunar fyrri hluta árs. Loftskilja hitaveitunnar á Ólafsfirði fór að leka vegna tæringar og hefur viðgerð farið fram.

### Rafveitan

Af framkvæmdum við rafveitu má nefna að sett var upp ný dreifistöð í Hálöndum og er sú númer 112 en alls eru dreifistöðvarnar 109 talsins. Ákveðið hefur verið að koma dreifistöðvum út úr íbúðarhúsnæði en þrjár slíkar stöðvar eru í rekstri. Um langtímaverkefni er að ræða og standa vonir til að ein þeirra verði flutt á árinu 2015 en hinar tvær innan næstu tíu ára. Í þessu sambandi þarf að hafa í

huga að þetta eru flókin og kostnaðarsöm verkefni þar sem finna þarf dreifistöðvunum nýjan stað og eftir atvikum að endurnýja lagnir á löngum köflum.

Rafmagnsrof urðu mjög fá á Akureyri á árinu. Á árinu var loftlína sem þjónaði borholudælum á Glerárdal aflögð og eru því engar loftlínur lengur í rekstri Norðurorku.

Sjö atvik voru skráð í dreifikerfinu á árinu 2014 sem óæskilegar aðstæður eða atburðir. Glerárvirkjun var enn einu sinni úr rekstri frá síðsumri og þar til nú í febrúar 2015. Ástæðan var að grjót komst inn í fallpípuna og þaðan í túrbínuhjólíð og skemmdi það. Í framhaldinu kom í ljós að byggja þyrfti upp inntaksmannvirki sem byrjað var að molna úr. Ennfremur var ákveðið að setja upp nýjar lokur svo auðveldara væri að loka inntakinu til að þjónusta vélbúnaðinn og hreinsa grjótgildur.

Skóðaðar voru 8 dreifistöðvar í kerfinu með tilheyrandi vinnu við gröft og endurnýjun lagna í eldri hverfum ásamt frágangi þar að lútandi. Samfara sköðunum eru stöðvarnar endurgerðar hvað varðar lýsingu, þær málaðar og í raun uppgerðar. Fyrir utan reglubundnar skóðanir voru ýmsar lagfæringar og breytingar í mörgum dreifistöðvum vegna aukins álags og viðbóta. Nefna má sem dæmi dreifistöð 64 við Eimskip og 75 í Verkmenntaskólanum. Ný dreifistöð 106 var byggð upp á Botni ásamt breytingum í dreifistöð 105 á Laugalandi í samvinnu við Rarik. Þessi uppbygging er á vegum hitaveitunnar enda þjóna þær vinnslusvæðunum í Eyjafirði, en höfuðástæðan er að unnt sé að keyra varaaflið á Laugalandi yfir á Botn og Ytri-Tjarnir. Áfram var unnið að styrkingu dreifikerfisins sem og að auka vægi möguleika á hringtengingum og í því skyni lagður nýr strengur frá Tryggvabraut við Olís að Glerártorgi og síðan upp Borgarbraut að strengjum frá aðveitustöð 2 við Kollugerði. Þessu verkefni er ekki lokið en næsti áfangi er strengur frá Þórsstíg að dreifistöð 66 við Strýtu. Vegna framlengingar Borgarbrautar við aðveitustöð 2 að Kollugerði var mikil vinna við að tryggja legu



strengja um svæðið. Á árinu tók Norðurorka þá ákvörðun, í samráði við Brynjólf Snorrason, að bora út gamla borholu við kyndistöðina í Þórunnarstræti og gera að jarðskauti. Gott jarðskaut náðist fyrir rafdreifikerfið. Á þetta var litið sem tilraunaverkefni en eins og vitað var hefur verið erfitt að meta áhrif jarðskautsins á dreifikerfið. Stjórnendur Norðurorku eru jákvæðir á áframhald slíkra verkefna með það að markmiði að bæta dreifikerfið.

### Fráveitan

Norðurorka tók við rekstri fráveitu Akureyrar í árslok 2013. Mikil vinna hefur verið lögð í að yfirfara fráveitukerfið og færa til betri vegar. Lagnir á Eyrinni og fleiri stöðum voru hreinsaðar síðasta sumar, en ekki liggur ljóst fyrir hvenær og hversu oft það hefur verið gert áður. Talið er að hreinsuð hafi verið úr kerfinu rúm 100 tonn af sandi. Unnin var áhættugreining fyrir fráveitu í samræmi við ákvæði laga og kröfur gæðakerfisins og mannvirki fráveitunnar lagfærð til að standast öryggiskröfur.

Reglubundið eftirlit á rekstrarþáttum fráveitunnar hefur verið sett upp í viðhaldsstjórnunarkerfi Norðurorku með sama hætti og rekstur annarra veitna. Lögð var ný fráveitulögn frá Hlíðarenda

að Hálöndum til að leysa af hólmi bráðabirgðalausn. Í Jaðarstúni voru lagðar nýlagnir fráveitu og regnvatns. Í lok árs var lögð ný fráveitulögn meðfram Síðubraut og er henni ætlað að leysa af hólmi bráðbirgðadælustöð við Jaðarsíðu. Þá var lokið við fráveitukerfi frá verksmiðju Becromal en þar voru í samvinnu við fyrirtækið settar upp rotþrær en lausn hafði dregist af hendi sveitarfélagsins. Unnið var við fráveitulagnir í Hrísey. Eins og í öðrum veitum kom hesthúsahverfið í Breiðholti við sögu þar sem hannað var fráveitukerfi.

Við yfirtöku á fráveitunni lá fyrir nánast fullhönnuð hreinsistöð og útrennslilögn við Sandgerðisbót. Nú er í gangi skoðun á möguleikum þess að einfalda hreinsimannvirkið m.a. að dæling verði minnkuð með því að sjálfrennsli verði á lögninni frá dælustöðinni út í sjó. Þá eru í gangi mælingar á magnrennsli í fráveitunni til að skjóta traustari stöðum undir hönnunarforsendur hreinsistöðvarinnar, mælingarnar munu standa yfir í eitt ár.

### Landupplýsingakerfi


Unnið hefur verið að gerð kortasjár fyrir almenning gegnum vef Norðurorku. Kortasjáin, sem nú er eingöngu opin fyrir starfsfólk Norðurorku, sýnir legu lagna og vatnsverndarsvæða og er ætlað að hún

verði tilbúin til birtingar fyrir almenning fyrri hluta árs 2015. Er það trú okkar að kortasjáin hafi notagildi fyrir verkataka og fleiri til að sjá grófa legu lagna. Einnig hefur verið unnið að uppsetningu landupplýsingakerfis vegna fráveitu en nokkuð mikið vantar á að fráveitukerfið sé „skjalfest“ á sama hátt og gerist í öðrum veitum.


Frá afhendingu styrkja til samfélagsverkefna 2015




### HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI



### ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI




### RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI







ORKUNOTKUN, ORKUÞÖRF OG ORKUMÁTTUR HITAVEITU NORÐURORKU.



Hitaveitan á Ólafsfirði er sú elsta sem Norðurorka rekur, stofnsett árið 1944 og því 70 ára 2014. Hér má sjá Ými bora seinni holuna af tveimur í Ósbrekku haustið 1973.

**LYKILSTÆRÐIR - HITAVEITA**

ALMENNAR UPPLÝSINGAR	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	22.963	23.087	23.243	23.348	23.325
Hú sveitur / mælar	6.404	6.499	6.577	6.959	7.008

ORKUÖFLUN Á JARÐHITASVÆÐUM	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi virkjaðra borhola:					
Með djúpdælu	15	15	15	15	15
Án djúpdælu	2	2	2	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	90	90	90	90	90
